



## 7. bekkur 2019 - 2020

Í sjöunda bekk eru 30 nemendur, 20 stúlkur og 10 drengir í einum bekk. Alls fá nemendur 35 kennslustundir á viku. Umsjónarkennarar eru Halla Karen Guðjónsdóttir og Jóhanna María Kristinsdóttir. Stuðningskennarar eru Helena Rut Borgarsdóttir, Kjartan Már Gunnarsson og Margrét Ósk Einarsdóttir. Stuðningsfulltrúar eru Birna Huld Helgadóttir og Kolbeinn Þór Vitorson.

Aðalnámsskrá er reist á sex grunnþáttum menntunnar, þessir grunnþættir eru: Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Þessir grunnþættir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþáttunum er ætlað að undirstrika meginatriði í almennri menntun og stuðla að meiri samfellu í öllu skólasterfinu. Þessir grunnþættir eru því hafðir að leiðarljósi í námi barna í 7. bekk.

### **Kennslustundir á viku skiptast sem hér segir:**

|                       |                  |
|-----------------------|------------------|
| Íslenska              | 7 kennslustundir |
| Stærðfræði            | 6 kennslustundir |
| Enska                 | 3 kennslustundir |
| Danska                | 3 kennslustundir |
| Samfélagsfræðigreinar | 4 kennslustundir |
| Náttúrufræðigreinar   | 3 kennslustundir |
| List og verkgreinar   | 6 kennslustundir |
| Íþróttir              | 2 kennslustundir |
| Sund                  | 1 kennslustund   |